

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II HLUTI

Greining ársreikninga

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Greining ársreikninga

Prófdagur: 30. janúar 2016..... Kl.: 09:00 – 13:00.....

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 11 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin. Fylgiblið: Kennitölublað
Tölulegar
upplýsingar einnig
rafrænt með prófinu

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið er tekið á fartölvu próftaka og skal skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (48 mín. 20%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því skrá viðkomandi bókstaf við hlið númers spurningarinnar í excel skjalinu. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við, nema annað sé tekið fram. Hver spurning gildir 2% og aðeins eitt rétt svar er við hverri spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (2%) Þegar lokabirgðir eru vanmetnar, þá er :
 - a) Kostnaðarverð seldra vara vanmetið og hagnaður ofmetinn
 - b) Sala vanmetin og hagnaður vanmetinn
 - c) Kostnaðarverð seldra vara ofmetið og hagnaður vanmetinn
 - d) Álagning ofmetin og hagnaður ofmetinn

2. (2%) Eftirfarandi upplýsingar eru úr ársreikningi Skips ehf. fyrir árið 2015 :

Óráðstafað eigið fé	18,000
Fasteign	55,000
Ógreiddur virðisaukaskattur	20,000
Birgðir	30,000
Fyrirframgreiddur kostnaður	20,000
Viðskiptaskuldir	36,000
Ofgreidd opinber gjöld	10,000
Hlutfé	40,000
Langtímaskuldir	45,000
Ógreiddur kostnaður	12,000
Viðskiptakröfur	60,000
Bankainnistæður	35,000
Skip	18,000
Fyrirframinheimtar tekjur	21,000

Hver er heildarfjárhæð veltufjármuna ?

- a) 145.000
- b) 155.000
- c) 135.000
- d) 176.000
- e) Ekkert af ofangreindu

3. (2%) Í ársbyrjun námu eignir Fossa ehf. kr. 787.878 og skuldir námu kr. 878.787. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 144.554 og eigið fé lækkaði um kr. 48.825. Hverjar voru skuldir í árslok ?

- a) 193.379
- b) 1.072.166
- c) 932.432
- d) 139.734
- e) Ekkert af ofangreindu

4. (2%) Hver eftirfarandi fullyrðinga er ekki rétt m.t.t. laga um ársreikninga ?

- a) Upplýsa skal um heildarlaunakostnað og fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.
- b) Sundurliða skal breytingar á eigin fé félags á reikningsárinu.
- c) Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat. Sama á við um váttryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.
- d) Birgðir skal meta á söluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.
- e) Allar ofangreindar fullyrðingar eru réttar

5. (2%) Rekstrarhagnaður hjá Svani ehf. var kr. 90.000 og afskriftir námu kr. 30.000. Hver var EBITDA fyrirtækisins ?

- a) 30.000
- b) 90.000
- c) 120.000
- d) 60.000
- e) Ekkert af ofangreindu

6. (2%) Um skattlagningu arðstekna sem einkahlutafélag fær frá öðru einkahlutafélagi á árinu 2015 gildir :

- a) Arðstekjurnar eru að fullu skattskyldar
- b) Arðstekjurnar má draga frá tekjuskattsstofni
- c) Arðstekjurnar má draga frá tekjuskattsstofni ef eldri töp hafa verið jöfnuð
- d) Arðstekjurnar eru að fullu skattskyldar nema hjá fjárfestingafélögum

7. (2%) Biðtími birgða hjá Glasi ehf. var 45 dagar á árinu 2015. Meðalstaða birgða var kr. 3.500.000. Kostnaðarverð seldra vara á árinu 2015 var því kr. :

- a) 157.500.000
- b) 14.000.000
- c) 28.000.000
- d) 77.778
- e) Ekkert af ofangreindu

8. (2%) Arðsemi eigin fjár hjá Geira ehf. var 20% á árinu 2015 og eigið fé var kr. 300.000 í upphafi ársins 2015. Þann 1. október 2015 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 100.000. Hagnaður félagsins árið 2015 var því kr. :

- a) 60.000
- b) 40.000
- c) 46.000
- d) 55.000
- e) Ekkert af ofangreindu

9. (2%) Í hversu mörg ár getur sameignarfélag nýtt yfirfæranlegt tap sitt ?

- a) 8 ár
- b) 10 ár
- c) 5 ár
- d) Óheimilt að nýta tap

10. (2%) Hlutfé Miða ehf. er kr. 3.000.000 og heildareigið fé er kr. 9.000.000. V/I hlutfall (oft kallað Q-hlutfall) er 2. Hvert er markaðsgengi félagsins ?

- a) 3
- b) 1,5
- c) 6
- d) 1
- e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (67 mín. 28%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Varkárnisreglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Skilgreinið hugtökin rekstrargrunnur og greiðslugrunnur.

c) 4%

Fyllið inn í eftirfarandi töflu viðeigandi áritun endurskoðanda á endurskoðuð reikningsskil (þ.e. heiti áritunarinnar). Taflan er inni í excel skjalinu.

1	Reikningsskilin gefa villandi mynd af fjárhagsstöðu		
2	Mikil óvissa og takmarkanir á vinnu endurskoðandans		
3	Ágreiningur um einhvern afmarkaðan lið reikningsskilanna		
4	Reikningsskilin gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu		

d) 4%

Samkvæmt lögum um tekjuskatt er félögum heimilt að sameinast án þess að leiði til skattskyldu. Eitt félag yfirtekur þá skattaleg réttindi og skyldur hins yfirtekna félags að því gefnu að hluthafar hins yfirtekna félags fái eingöngu hlutabréf í yfirtökufélaginu í staðinn fyrir hluti sína í hinu yfirtekna félagi, þ.á.m. yfirfæranlegt tap. Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að yfirtökufélagið geti nýtt sér yfirfæranlegt tap hins yfirtekna félags ?

e) 4%

Hver eru einkenni gagnlegra upplýsinga í reikningsskilum samkvæmt reglu Reikningsskilaráðs nr. 1 ?

f) 2%

Tryggingamiðstöðin hf. er váttryggingafélag og þarf að hlýta hinum ýmsu lögum og reglum. Nefnið 4 aðila sem Tryggingamiðstöðin hf. verður lögum samkvæmt að senda ársreikning sinn á hverju ári.

g) 4%

Ársreikningur er formlegt skjal sem byggir á ströngum lagaákvæðum. Þar er að finna margvíslegar upplýsingar sem takmarkast þó að mestu við fjárhæðir og texta tengdum fjárhag fyrirtækisins. Hins vegar geta verið til staðar atriði sem ekki koma fram í ársreikningi en gætu þó haft mikil áhrif á verð hlutabréfa í fyrirtækinu. Nefnið 3 slík atriði. Þar að auki eru til staðar almenn atriði varðandi ársreikninga sem segja má að séu takmarkandi. Nefnið 3 slík atriði.

h) 3%

Hér að neðan er sjóðstreymi ársins 2014 hjá félaginu Reginn hf. (fjárhæðir í milljónum króna). Lýsið í stuttu máli hvað gerðist á árinu 2014 varðandi handbært fé.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.229	2.434
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Matsbreyting fjárfestingareigna	8 (1.206)	(2.250)
Afskriftir	9	5	4
Hrein fjármagnsgjöld	7	1.461	1.677
Tekjuskattur	15	551	609
		<u>3.040</u>	<u>2.474</u>
Breyting á rekstartengdum eignum		0	(97)
Breyting á rekstartengdum skuldum		(163)	43
		<u>2.877</u>	<u>2.420</u>
Innheimtar vaxtatekjur		35	40
Greidd vaxtagjöld		(1.240)	(819)
		<u>1.672</u>	<u>1.641</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fjárfestingareignum	8 (3.148)	(5.443)
Söluverð fjárfestingareigna	8	54	5
Fjárfesting í eignum til eigin nota	9 (39)	(9)
Söluverð eigna til eigin nota	9	3	0
		<u>(3.130)</u>	<u>(5.447)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný lán		9.469	822
Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting		(1.678)	2.580
Afborganir og uppgreiðslur vaxtaberandi langtímaskulda		(6.259)	(725)
		<u>1.532</u>	<u>2.677</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		74	(1.129)
Handbært fé í ársbyrjun		573	1.702
Handbært fé í árslok	11	<u>647</u>	<u>573</u>

Verkefni 3 (38 mín 16%)

Hér að neðan eru nokkrir liðir úr ársreikningi fyrirtækis.

V/H hlutfall	6,00
Hagnaður ársins	2.196.952
Vaxtagjöld	4.187.451
Álagning í %	180%
Tekjuskattur (gjöld)	584.000
Veltuhraði birgða	6,00
Fastafjármunir	40.007.922
Rekstrarhagnaður	6.510.000
Eignir alls	55.120.000
Laun og tengd gjöld	11.070.881
EBITDA	9.074.874
Rekstrarhagnaðarhlutfall	15,500%
Veltufjárhlutfall	0,90
Virkur tekjuskattur	21,0%
Lausafjárhlutfall	0,50
Eiginfjárhlutfall	5,211089%

Finnið neðangreindar tölur í ársreikningi fyrirtækisins út frá töflunni að ofan :

Annar rekstrarkostnaður						
Eigið fé						
Fyrningar						
Vaxtatekjur						
Heildarskuldir						
Hagnaður fyrir skatta						
Veltufjármunir						
Skammtímaskuldir						
Sala						
Arðsemi eigin fjár						að því gefnu að engin breyting hafi orðið á eigin fé á árinu
Langtímaskuldir						
Kostnaðarverð seldra vara						

Verkefni 4 (29 mín. 12%)

ActPro hf. hefur nýlokið við gerð ársreiknings vegna ársins 2015. Ráðgert er að fara í stækkun á fyrirtækinu með opnun fleiri verslana á árinu 2017 og 2018 en uppbygging mun hefjast árið 2016 og því þarf félagið að leita til lánastofnunar um fyrirgreiðslu vegna þeirrar fjárfestinga sem framundan eru. Í því skyni hefur félagið útbúið neðangreinda rekstraráætlun til næstu 5 ára. Áður en forsvarsmenn fyrirtækisins sækja um lánveitingu vilja þeir fá utanaðkomandi sérfræðing til að yfirfara áætlunina og benda þeim á ef einhverjir veikleikar eru til staðar í henni.

Verkefni þitt er að yfirfara áætlunina og nefna 4 atriði sem lánastofnunin væri líkleg til að tortryggja eða setja út á.

	Raun	Raun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Sala á vörum	21.200	21.836	22.928	25.221	27.743	29.130	30.586
Sala á þjónustu	2.200	2.300	2.400	2.500	2.600	2.700	2.800
Kostnaðarverð seldra vara	14.133	14.557	15.285	16.814	17.339	18.206	19.116
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	880	920	960	1.000	1.040	1.080	1.120
Laun og tengd gjöld	2.150	2.200	2.310	2.541	2.795	2.935	3.082
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.000	1.050	1.100	1.150	1.200	1.250	1.300
Dreifingarkostnaður	3.180	3.275	3.210	3.279	3.329	3.496	3.670
Annar rekstrarkostnaður	1.170	1.207	1.266	1.386	1.517	1.591	1.669
Afskriftir	400	410	420	430	440	450	460
Vaxtatekjur	50	50	50	50	50	50	50
Vaxtagjöld	300	320	450	450	400	370	340
Tekjuskattur	47	49	75	144	350	375	402

Verkefni 5 (58 mín. 24%)

Ásgeir Sveinsson á 25% hlut í félaginu Lundakeðjan hf., sem skráð er á markað. Félagið starfar í ferðamannaíðnaðinum og þar hefur samkeppni aukist mikið. Honum er líka hætt að lítast á blikuna á hlutabréfamörkuðum heimsins en þeir hafa sveiflast mikið undanfarið auk þess sem blikur eru á lofti varðandi hrávöruverð og ástand heimsins almennt. Ásgeir veltir því fyrir sér hvort rétt sé að selja hlutabréfin í Lundakeðjunni hf. og leita annarra leiða til að ávaxta fé sitt.

Ásgeir leggur fyrir þig upplýsingar úr endurskoðuðum ársreikningum félagsins fyrir síðustu 3 ár. Hann biður þig að meta kosti þess og galla að selja núna út frá kennitölugreiningu. Til að aðstoða Ásgeir þarftu að reikna út ýmsar kennitölur úr ársreikningunum og sjá þannig hvernig Lundakeðjan hf. stendur sig í samanburði við samkeppnisaðilana og hvort verð bréfanna nú sé þannig að hentugt væri að selja.

Gengi hlutabréfa í Lundakeðjunni hf. í dag er 16. Verkefni þitt er að ráðleggja Ásgeiri hvort hann eigi að selja bréf sín í Lundakeðjunni hf. og leita annarra fjárfestingakosta miðað við núverandi og framtíðar aðstæður út frá kennitölugreiningu.

Ásgeir vill einnig vita hver var fjárhæð útborgaðs arðs til hluthafa á árinu 2015.

Á næstu blaðsíðu eru ársreikningar Lundakeðjunnar hf. 2013-2015 og þar á eftir tölur frá samkeppnisaðilum. Einnig er þar að finna vaxtakjör á bankareikningum sem innlánsstofnanir bjóða.

Verkefni þitt er :

- a. Reikna út fyrir árin 2013-2015 fyrir Lundakeðjuna hf. kennitölnar (14%)
 - i. Meðalálagning
 - ii. Eiginfjárlutfall
 - iii. Veltufjárlutfall
 - iv. Lausafjárlutfall
 - v. Veltuhraða birgða
 - vi. Biðtíma birgða
 - vii. Innheimtutíma krafna
 - viii. EBITDA
 - ix. EBITDA / sala
 - x. Arðsemi eigin fjár
 - xi. V/H hlutfall
 - xii. EBITDA margfaldarann (V/EBITDA)
 - xiii. Markaðsverðmæti
 - xiv. Virkur tekjuskattur

- b. Ráðleggja Ásgeiri hvort hann eigi að selja bréf sín í Lundakeðjunni hf. og leita annarra fjárfestingakosta. Rökstuðningur skal fylgja. (9%).

- c. Hver var fjárhæð greidds arðs á árinu 2015 (1%) ?

Fylgiskjal vegna verkefnis 5

Rekstrarreikningar áráanna 2013-2015 (í þús.)						
			2015	2014	2013	
Sala			654.800	653.700	720.800	
Kostnaðarverð seldra vara			(503.700)	(484.200)	(526.100)	
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir			(116.800)	(118.400)	(132.600)	
Afskriftir			(6.500)	(6.500)	(6.500)	
Vextir			(10.500)	(9.700)	(8.800)	
Skattar			(3.500)	(7.100)	(9.200)	
Hagnaður ársins			13.800	27.800	37.600	
Efnahagsreikningar áráanna 2013-2015 (í þús.)						
Eignir			31/12 15	31/12 14	31/12 13	31/12 12
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir			137.000	143.500	150.000	53.000
Verðbréf			25.000	25.000	15.000	16.000
			162.000	168.500	165.000	69.000
Veltufjármunir:						
Birgðir			32.000	33.400	36.000	34.500
Viðskiptakröfur			89.700	85.800	86.500	86.000
Handbært fé			5.100	10.000	9.000	10.000
			126.800	129.200	131.500	130.500
Eignir samtals			288.800	297.700	296.500	199.500
Eigið fé og skuldir						
Eigið fé:						
Hlutfé			25.000	25.000	25.000	25.000
Annað eigið fé			109.200	125.400	117.600	90.000
			134.200	150.400	142.600	115.000
Skuldir:						
Langtímaskuldir			47.000	58.000	0	0
Næsta árs afborganir			(9.000)	(9.000)	0	0
			38.000	49.000	0	0
Ýmsar skammtímaskuldir			107.600	89.300	153.900	84.500
Næsta árs afborganir			9.000	9.000	0	0
			116.600	98.300	153.900	84.500
Skuldir samtals			154.600	147.300	153.900	84.500
Eigið fé og skuldir samtals			288.800	297.700	296.500	199.500

Kennitölur frá samkeppnisaðilum:		2015
Meðalalagning.....		35,00%
Eiginfjárlutfall.....		54,00%
Veltufjárlutfall.....		1,40
Lausafjárlutfall.....		0,90
Veltuhraði birgða.....		18,50
Innheimtutími krafna.....		40,50
Hlutfall EBITDA af sölu.....		7,50%
Arðsemi eigin fjár.....		12,00%
V/H hlutfall.....		22,0
V/EBITDA.....		9,5

INNLÁNSKJÖR					
1 millj.	10 millj.	50 millj.	100 millj.	Verðtryggð	
Banki	Binding	Vextir	Dags		
Kvika	31 dag	5.75%	01/01/16		
Íslandsbanki	31 dag	5.55%	01/12/15		
Landsbankinn	31 dag	5.50%	01/12/15		
Arion Banki	31 dag	5.30%	11/12/15		
Sparisjóðurinn	Óbundinn	4.55%	11/12/15		